

Ed. 553. Frumvarp til laga [269. mál]

um breyting á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Mörk Reykjavíkur og Kópavogs, sem ákveðin eru í 1. gr. laga nr. 46/1923 um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og 1. gr. laga nr. 30/1955 um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, skulu breytast þannig að þau verði framvegis þessi:

| Punktur nr: | X-hnit: | Y-hnit: |
|-------------------------|-----------|-----------|
| H (7) (óbreyttur) | 17444.17 | 11785.70 |
| 8 | 17861.46 | 12061.14 |
| 9 | 18668.74 | 12717.36 |
| 36 | 18783.596 | 13475.884 |
| 33 | 18649.643 | 13493.396 |
| 37 | 18359.852 | 13563.293 |
| 38 | 18240.244 | 13606.054 |
| 15 | 18128.737 | 13671.225 |
| 16 | 18197.711 | 13711.123 |
| 17 | 17998.943 | 14005.547 |
| 18 | 17979.921 | 14077.254 |
| 40 (óbreyttur) | 18111.777 | 14426.875 |
| E (4) (óbreyttur) | 17947.99 | 14658.30 |

Mörkin eru beinar línur eða hringbogar milli ofangreindra punkta, þannig:

- Milli H (7) og 8 : Bein lína.
- Milli 8 og 9 : Bein lína.
- Milli 9 og 36 : Bein lína.
- Milli 36 og 33 : Bein lína.
- Milli 33 og 37 : Hringbogi með rás R = 1400 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 33 að punkti nr. 37.
- Milli 37 og 38 : Bein lína.
- Milli 38 og 15 : Hringbogi með rás R = 350 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 38 að punkti nr. 15.
- Milli 15 og 16 : Bein lína.
- Milli 16 og 17 : Hringbogi með rás R = 679.5 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 16 að punkti nr. 17.
- Milli 17 og 18 : Hringbogi með rás R = 530 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 17 að punkti nr. 18.
- Milli 18 og 40 : Hringbogi með rás R = 441.4 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 18 að punkti nr. 40.
- Milli 40 og E (4) : Bein lína.

2. gr.

Nú kemur í ljós við nánari hönnun vegakerfis, að ráðlegt þykir að víkja frá þeim mörkum, sem um ræðir í 1. gr., og er þá heimilt að gera það með reglugerð.

sem félagsmálaráðuneytið setur samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs, sbr. samning þeirra, dags. 9. október 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs í samráði við dómsmálaráðuneytið.

Hinn 9. október 1973 var gerður svo felldur samningur milli þeirra:

SAMKOMULAG

milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar um breytingu á mörkum kaupstaðanna o. fl.

1. gr.

Aðilar eru sammála um að leita lagaheimildar til breytingar á mörkum kaupstaðanna, þannig að mörkin verði í samræmi við hjálagðan bráðabirgðauppdrátt, dags. 13.8.1973, þ. e. a. s. í stórum dráttum sem hér segir: Meðfram Reykjanesbraut að vestan, suður yfir Breiðhóltsbraut, en sunnan við hana verða þau sunnan og austan við Reykjanesbraut. Á Selhrygg færast mörkin til vesturs og suðurs. Á mörkum frá Reykjanesbraut að Markakletti (H) skal vera óbyggt svæði fyrir gönguleiðir o. fl., 25—50 m breitt Reykjavíkurmegin við mörkin.

2. gr.

Í framhaldi af þessu samkomulagi munu fulltrúar aðila ákveða mörkin skv. hnitakerfi landmælinga og færa inn á uppdrátt nákvæmlega. Jafnframt munu fulltrúar aðila ganga frá lagafrumvarpi í samræmi við samkomulag þetta.

3. gr.

Reykjavíkurborg lætur Kópavogskaupstað í té kvaðalaust og án endurgjalds land það, er lendir vestan Reykjanesbrautar.

4. gr.

Reykjavíkurborg sér sjálf um kaup á landi á Selhrygg, en það tilheyrir Fífuhvammi.

5. gr.

Ákvörðun um breytingu á mörkum kaupstaðanna í Fossvogsdal verði skotið á frest um 2 ár. Aðilar eru sammála um að nota þennan frest til eftirfarandi:

- a) Endurskoðunar á umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins og þá sérstaklega til athugunar á nauðsyn Fossvogsbrautar. Að þeim þætti endurskoðunar skulu báðir aðilar standa.
- b) Með hvaða hætti megi gera Fossvogsbraut, ef nauðsynleg reynist, þannig úr garði, að hún valdi sem minnstri röskun á umhverfi Fossvogsdals.
- c) Athuganir á samtengingu útivistarsvæða kaupstaðanna í dalnum, þar með tengingu skógræktarstöðvar Skógræktarfélags Reykjavíkur við fyrirhugað útivistarsvæði Kópavogskaupstaðar í landi Lundar.

6. gr.

Leiði endurskoðun á umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins, skv. 5. gr. a), í ljós, að nauðsynlegt reynist að ráðast í gerð Fossvogsbrautar, þ. e., að í ljós komi, að ekki finnst aðrar viðunandi lausnir á umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins að dómi beggja aðila, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Suðurbrún Fossvogsbrautar verði mörk kaupstaðanna. Þegar til framkvæmda kemur, þó eigi fyrr en að 4 árum liðnum frá dagsetningu samkomulags þessa, lætur Kópavogskaupstaður Reykjavík í té kvaðalaust og án endurgjalds land það, er hann á í Fossvogsdal og lendir innan marka Reykjavíkur skv. samkomulagi þessu.

Um Meltungu skal þó sá háttur hafður, að hvor aðili um sig greiði land og mannvirki, sem innan marka hans lenda.

7. gr.

Aðilar eru sammála um, að stærð þess lands, sem um ræðir í samkomulagi þessu, sé sem hér segir:

Skv. 3. gr. ca. 30.6 ha.

Skv. 4. gr. ca. 33.7 ha.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um framkvæmd á samningi þessum, og skal hann þá lagður fyrir gerðardóm, skipaðan einum fulltrúa frá hvorum aðila.

Ef þeir verða sammála, gildir niðurstaða þeirra, en að öðrum kosti skal dómkvaddur oddamaður af Hæstarétti og ræður þá meiri hluti.

Úrskurði gerðardóms verður ekki áfrýjað.

Reykjavík, 9. okt. 1973.

F. h. Reykjavíkurborgar,

Birgir Ísl. Gunnarsson.


F. h. Kópavogskaupstaðar,

Björgvin Sæmundsson.

Tekið hefur alllangan tíma að ákveða mörk skv. hnitakerfinu, en því er lokið nýlega. Þar sem ætlað er að haga mörkum þannig, að sem eðlilegast verði miðað við frambúðarumferðarmannvirki, er lagt til, að heimilt verði að víkja frá ákvæðum 2. gr., ef báðir aðilar eru sammála og ráðherra getur á slíkt fallist.

Meðfylgjandi uppdráttur sýnir fyrirhuguð mörk. Vafaatriði eru annars vegar beltí meðfram fyrirhugaðri Fossvogsbraut, en óvíst er um lagningu hennar, sbr. 5. gr. framangreinds samnings og hins vegar svæði austast á Digraneshálsi, milli punkta 18—39, en þar er um að ræða óhannaða braut fyrir hægri beygju af Fossvogsbraut til suðurs á Reykjanesbraut. Svæði þessi eru skástrikuð á uppdrætti.

Aðkallandi er vegna væntanlegrar byggðar á Sellhrygg og á austanverðum Digraneshálsi að frumvarp þetta verði afgreitt á þessu þingi.



REYKJAVIK OG NÁGRENNI
1:5000

Þm

| | | | | |
|----|--------|--------|--------|--------|
| 1 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 2 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 3 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 4 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 5 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 6 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 7 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 8 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 9 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 10 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 11 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 12 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 13 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 14 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 15 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 16 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 17 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 18 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 19 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 20 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 21 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 22 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 23 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 24 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 25 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 26 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 27 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 28 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 29 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 30 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 31 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 32 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 33 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 34 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 35 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 36 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 37 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 38 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 39 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 40 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 41 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 42 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 43 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 44 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 45 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 46 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 47 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 48 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 49 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |
| 50 | 100000 | 100000 | 100000 | 100000 |

Úsgöðráttur
 Til skýringar við ekkert áður máttuð úsgöðráttur
 Ágæðingarástæður og Reykjavíkurborg
 Starfræðingafélagið árg. 1973
 Reykjavík, 1. 12. 73